

# Stjórnarfundur FEB nr. 450

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 8. september 2020 kl. 12:45

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Ólafur Örn Ingólfsson, Sigurbjörg Gísladóttir og Viðar Eggertsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson sem ritaði fundargerð og Haukur Arnþórsson.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róber Þ. Bender aðalmaður og Sverrir Örn Kaaber varamaður.

Fundurinn var haldinn í framhaldi af vinnufundi stjórnarinnar sem hófst kl. 10:00 á sama stað.

## Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð fundar nr. 449 lögð fram, samþykkt og undirrituð.

### 2. Niðurstöður vinnufundar stjórnar 8. september

Hópstjórar þriggja vinnuhópa gerðu grein fyrir helstu atriðum sem fram höfðu komið í umræðum innan þriggja hópa:

Dýrleif rakti umræður í hópnum „Tómstundir og félagsstarf.“

Sigurbjörg rakti umræður í hópnum „Hagsmuna- og réttindamál.“

Ingibjörg Sv. rakti umræður í hópnum „Kynning og ferðamál.“

Almennar umræður urðu um niðurstöður hópanna og var framkvæmdastjóra falið að taka saman greinargerð um þær.

### 3. Fyrirkomulag kjaramála

Í umræðum kom fram tillaga um að setja á stofn að nýju 5 manna kjaranefnd á vegum félagsins. Jafnframt myndi aðild félagsins að Kjaranefnd LEB breytast, þannig að sú nefnd yrði einungis kennd við LEB, en FEB myndi þó áfram eiga rétt á að tilnefna tvo fulltrúa í hana sem langstærsta félagið innan landssambandsins. Þeir tveir fulltrúar FEB myndu jafnframt eiga sæti í Kjaranefnd FEB auk þriggja annarra sem stjórnin tilnefnir. Áskilið verði að a.m.k. tveir nefndarmenn séu aðalmenn í stjórn FEB en að öðru leyti koma almennir félagsmenn til greina sem nefndarmenn.

Tillagan var samþykkt, en nánari framkvæmd og tilnefningum í nefndina var frestað til næsta stjórnarfundar.

Öðrum liðum á dagskránni var einnig frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Ingibjörg H. Sverrisdóttir  
Sigurbjörg Gísladóttir  
Haukur Arnþórsson  
Ingibjörg Óskarsdóttir

Kári Jónasson  
Viðar Eggertsson  
Finnur Birgisson